



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Alþingi
Samgöngunefnd
Austurstræti 8 - 10

150 REYKJAVÍK

29.11.2005

**Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um Póst- og fjarskiptastofnun,
nr. 69/200, 267. mál.**

Samtök atvinnulífsins hafa fengið til umsagnar framangreint frumvarp sem felur það í sér að gildandi ákvæði um sérstaka úrskurðarnefnd sem hægt er skjóta ákvörðunum Póst- og fjarskiptastofnunar til er felld brott, og úrskurðarnefndin þannig lögð niður. Í stað þess verða ákvarðanir Póst- og fjarskiptastofnunar kærnanlegar til samgönguráðuneytisins skv. almennum reglum.

Með frumvarpinu er þannig gerð grundvallarbreyting á gildandi málskotsreglum – sjálfstæð úrskurðarnefnd verði lögð niður, sem sátt hefur verið um á fjarskiptamarkaði. Þessi úrskurðarnefnd hefur reynst farsæl í störfum sínum, eins og ljóst er af greinargerð með frumvarpinu, þar sem fram kemur að kærvaðilar hafa almennt unað úrskurðum nefndarinnar, sem heita má einsdæmi um úrlausnir kærufnfnda.

Þetta lagafrumvarp er ekki samið að frumkvæði fyrirtækja á fjarskiptamarkaði heldur vill samgönguráðuneytið með þessari lagabreytingu fyrst og fremst sjálft axla meiri ábyrgð á úrlausn ágreiningsefna á þessu sérsviði, til að byggja upp frekari þekkingu en nú er á málaflokknum í ráðuneytinu. Einnig kemur fram í greinargerðinni að málafjöldi hjá úrskurðarnefndinni sé of lítill að mati ráðuneytisins.

Samtök atvinnulífsins telja að röksuðningur ráðuneytisins fyrir niðurlagningu á sjálfstæðri úrskurðarnefnd á þessu sviði sé ekki fullnægjandi. Ráðuneytið getur byggt upp þekkingu á þessum málaflokki með öðrum hætti, t.d. með því að ákveða að sérstakur starfsmaður úrskurðarnefndarinnar, komi úr ráðuneytinu. Ljóst er að núverandi sjálfstæð úrskurðarnefnd nýtur mikils traust hagsmunaaðila enda hefur nefndin verið farsæl í störfum sínum. Ekki er því nein ástæða til að leggja þessa sjálfstæðu úrskurðarnefnd niður í andstöðu við hagsmunaaðila.

Samtök atvinnulífsins leggja því gegn þessu frumvarpi, enda er það í andstöðu við vilja helstu fyrirtækja á fjarskiptamarkaði, sem telja nauðsynlegt að áfram starfi sjálfstæð úrskurðarnefnd. Um nánari rökstuðning vísa samtökin til ítarlegra og rökstuddra athugasemda frá Landssíma Íslands hf. og Dagsbrúnar hf. við lagafrumvarpið.

F.h. Samtaka atvinnulífsins

Yóu R. Pálsson